

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. september 2016

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um stofnun neyðarhóps um leikskólamál

Tafarlaust verði settur í gang neyðarhópur “ad hoc” með fulltrúum leikskólastjóra, leikskólakennara, sérkennara og matráða í leikskólum ásamt fulltrúum skóla- og frístundasviðs, skóla- og frístundaráðs og fjármálaskrifstofu borgarinnar. Starfshópnum verði ætlað að draga fram brýnasta vanda í rekstri leikskóla í dag og skila skýrslu fyrir 30. September 2016 svo að mögulegt sé fyrir Reykjavíkurborg að koma fram með raunhæfar áætlanir um langtímalausn á árlegum rekstrarvanda. Með þessari tillögu næst einnig fram sátt um áætlanir og úrlausnir til lengri tíma. Börnin í höfuðborginni er viðkvæmur hópur sem ávallt á að vera í forgangi og ekki er með nokkru móti ásættanlegt að sé látinn mæta afgangi.